



VISTMENN Á VERGANGI Skjólstæðingar Byrgisins sem komnir eru á götuna eftir að því var lokað hafa leitað skjóls hjá Geðhjálp, að sögn framkvæmdastjóra samtakanna. Sama máli gegnir um menn sem dvöldu á drengjaheimilinu í Breiðavík. FRÉTTABLAGIÐ/ROBERT

Fjöldi fyrrum skjólstæðinga á götunni

Margir þeirra sem dvöldu í Byrginu og á drengjaheimilinu í Breiðavík hafa leitað til Geðhjálpar. Þeir eru heimilislausir að sögn framkvæmdastjóra samtakanna. Stjórn Geðhjálpar hefur ritað ríkisstjórninni harðort bréf vegna málsins.

FÉLAGSMÁL Fjöldamargir þeirra sem dvöldu á Breiðavík og í Byrginu hafa leitað til Geðhjálpar af því að þeir eru á götunni, að sögn Sveins Magnússonar, framkvæmdastjóra samtakanna.

Stjórn Geðhjálpar hefur ritað ríkisstjórninni bréf, þar sem segir það hafa komið í ljós að þjónusta geðteymis á geðsviði Landspítala hafi aðeins nýst hluta þess fólks sem orðið hafi illa úti eftir dvöl sína í Byrginu og á drengjaheimilinu á Breiðavík. Til Geðhjálpar hafi þannig leitað einstaklingar sem segjast hafa mátt sæta harðræði, ofbeldi og kynferðislegri misnotkun á meðan stofnavistun þeirra á ábyrgð hins opinbera stóð. Geðhjálpari alvarlegar athugasemdir við framkvæmd þeirrar þjónustu sem boðið sé upp á og telur að samhæfa hefði þurft mun betur aðgerðir af hálfu heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytis frá byrjun. Einnig lýsir Geðhjálpar því sjónarmiði sínu að rétt

sé við þessar aðstæður, að hið opinbera hafi frumkvæði að því að hafa milliliðalaust samband við fórnarlömb hins meinta ofbeldis í stað þess að beina fólki á geðsvið LSH. Geðhjálpar minnir á að íslenska ríkið skuldi því fólki sem þarna á í hlut,

„Hingað leita einstaklingar sem komnir eru á götuna, fyrst og fremst vegna lokunar Byrgisins. Sumir eru í neyslu og hvergi staðsettir í hús.“

SVEINN MAGNÚSSON
FRAMKVÆMDASTJÓRI GEÐHJÁLPAR

hvar sem það er á landinu, allan þann faglega stuðning sem best getur nýst og völ er á í landinu.

„Hingað hafa leitað einstaklingar sem komnir eru á götuna, fyrst og fremst vegna lokunar Byrgisins. Sumir eru í neyslu og hvergi staðsettir í hús,“ segir Sveinn. „Síðan

eru skjólstæðingar sem vistaðir voru í Breiðavík. Stór hluti þeirra er þetta ógæfusama óregluglúfólk sem mælir hér göturnar.“

Sveinn bendir á að yfirvöld heilbrigðis- og félagsmála bjóði þetta fólk velkomu inn á geðdeild Landspítala. Sumum sem hafi haft dug í sér til að fara þangað hafi verið úthýst. „Hinú opinbera, sem er með gagnagrunn um hverjir þessir einstaklingar eru, ber að hafa frumkvæði að því að kalla þá til, þar sem þeir fá heildstætt mat og viðeigandi aðstoð í samræmi við það. Það þarf að taka mun heildstæðar á þessu máli heldur en nú er gert.“

„Öllum fyrrverandi vistmönnum Breiðavíkur sem leitað hafa til geðsviðs LSH hefur staðið til boða sálfræðiaðstoð,“ segir í yfirlýsingu frá LSH og jafnframt að bráðaþarfir allra fyrrverandi vistmanna Byrgisins sem leita til geðsviðs séu metnar og við þeim brugðist eins vel og hægt sé.

jss@frettabladid.is